



Hafnarfjörður

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar
Árni Rúnar Þorvaldsson, formaður
Strandgata 8-10

Hafnarfjörður 14. ágúst 2026
Málsnúmer 2606576

Efni: Stendur starfsendurhæfing – Samstarfssamningur

Stendur starfsendurhæfing er sjálfseignastofnun sem hefur verið starfsrækt frá árinu 2008. Að stofnun hennar stóðu Hafnarfjarðarbær, Sjúkraþjálfarinn ehf. Starfsmannafélag Hafnarfjarðar og Vercalýðsfélagið Hlíf. Stendur starfsendurhæfing er með sérstaka stjórn sem í sitja fulltrúar sem tilnefndir eru af stofnendum (sjá fylgiskjal 1).

Hafnarfjarðarbær og Stendur starfsendurhæfing hafa frá upphafi átt í farsælu samstarfi um starfsendurhæfingu einstaklinga sem eru á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu. Markmið samstarfsins er að bjóða einstaklingum upp á heildstæða úrlausn á vanda hvers og eins. Einstaklingsbundin endurhæfing miðar að því að styðja þátttakendur til virkrar þátttöku og endurkomu í vinnu og/eða í nám, í nánú samstarfi við atvinnulífið og menntastofnanir. Að jafnaði eru einstaklingar 12-18 mánuði í úrræði starfsendurhæfingar. Til að byrja með eru þeir á fjárhagsaðstoð en eftir nokkra mánuði fara þeir á endurhæfingarlífeyri, ef allt gengur eftir.

Það sem af er þessu ári hafa 34 einstaklingar verið í starfsendurhæfingu hjá Stendur en voru 36 allt árið í fyrra. Með samstarfinu er verið að styðja við einstaklinga með markvissum og heildstæðum hætti í átt að betra og innihaldsríkara lífi.

Í dag er ekki í gildi formlegur samstarfssamningur milli aðila um úrræði Stendur starfsendurhæfingar. Málið hefur verið tekið upp með framkvæmdarstjóra Stendur og er vilji beggja aðila um að gera slíkan samning.

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs

Fylgiskjal:

1. Skipulagsskrá fyrir stendur starfsendurhæfingu
2. Stendur starfsendurhæfing slóð <https://stendur.is/>